



Hrunið, hnattvæðingin og nýfrjálshyggjan

Guðmundur Jónsson
prófessor í sagnfræði

Opinn umræðufundur í Háskóla Íslands um lærdóma af
skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis

26. apríl 2010

HÁSKÓLI ÍSLANDS



Hrunið í innlendu samhengi

- Hrun alls fjármálakerfisins er án fordæma
- Eitt mesta fall krónunnar
- Mesti samdráttur landsframleiðslu síðan 1920
- Mesta atvinnuleysi síðan skráning hófst (1957); sennilega meira en í kreppunni miklu
- Mesta þjóðfélagskreppa síðan á fjórða áratug 20. aldar

HÁSKÓLI ÍSLANDS






Hrunið í alþjóðlegu samhengi

- Stærsta fjármálakerfi (sem % af VLF) sem hrynur
- Einn mesti eignabruni (sem % af VLF) sem um getur
- Gjaldprot á heimsmælikvarða
- Einkageirinn sá skuldsettasti í heiminum
- Fyrsta skipti síðan 1976 að þróað iðnríki leitar til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um aðstoð
- Mesti álitshnekkir sem Ísland hefur orðið fyrir á alþjóðavettvangi

HÁSKÓLI ÍSLANDS



Eignir viðskiptabanka sem hlutfall af VLF ári fyrir hrun fjármálakerfis



Heimildir: Bank of England, Seðlabanki Íslands
Seðlabanki Íslands

HÁSKÓLI ÍSLANDS





Nærtækar skýringar

- Alþjóðleg fjármálakreppa
- Ofvöxtur bankanna
- Vanhæfni eftirlitsstofnana
- Vangeta Seðlabankans til að starfa sem lánveitandi til þrautavara
- Mistök í hagstjórn: þensla og jafnvægisleysi, óskilvirk peningastefna
- Getuleysi/vanhæfni ríkisstjórnar og stjórnsýslu
- Óheppni. Tímasetning “frelsisvæðingarinnar”

HÁSKÓLI ÍSLANDS



Djúptækar skýringar

- Efnahagslegar, stjórnómála­legar og menningarlegar aðstæður sem móta hegðun fólks
 - hagsmunir
 - hugmyndir /hugsunarháttur í samfélaginu
 - stjórnómálastefnur /hugmyndafræði

HÁSKÓLI ÍSLANDS





Áhrif nýfrjálshyggju og hnattvæðingar

- Skyldar hugmyndir með sameiginlega sýn á samfélagið
- 1991-2008: Þjóðfélagstilraun í anda róttækrar frjálshyggju sem miðaði að víðtæku markaðsfrelsi og galopnu hagkerfi
- Davíð Oddsson (1993): Sjálfstæðisflokkurinn hefur unnið hugmyndastríðið
- Lagður grundvöllur að “íslenska efnahagsundrinu”

HÁSKÓLI ÍSLANDS



“Frelsisvæðingin”


- Inn á við: víðtækt markaðsfrelsi
 - Aukið frjálsræði í peningamálum og verðlagsmálum
 - Einkavæðing
 - Lágskattastefna
 - “Fjármálavæðing” efnahagslífs:
 - Myndun fjármálamarkaðar
 - Skuldugasta þjóð í heimi!
 - Fjölskyldufyrirtæki ⇒ hlutafélög ⇒ “umbreytingarfjárfestar”
 - Viðskiptabankar ⇒ fjárfestingarbankar

HÁSKÓLI ÍSLANDS




Skuldsettasti einkageirinn í alþjóðlegum samanburði

Chart 2.30
Private sector lending as % of GDP¹



1. The year in parentheses represents the onset of the crisis in the country concerned.
Sources: Reuters EcoWin, Central Bank of Iceland.

Chart 2.9
Private sector debt in selected countries
1980-2007



Sources: Bank of England, Central Bank of Iceland.

HÁSKÓLI ÍSLANDS



- Út á við: Opnun hagkerfisins með aðild að EES
 - Starfsheimildir fjármálastofnana rýmkaðar meira en aðildin krafðist:
 - Auknar heimildir til að fjárfesta í ótengdum atvinnurekstri
 - Auknar heimildir til að lána stjórnendum
 - Auknar heimildir til að fjárfesta í fasteignum og félögum um fasteignir
 - Auknar heimildir til að veita lán vegna kaupa á eigin hlutum
 - Minni kröfur varðandi rekstrarfyrirkomulag verðbréfafyrirtækja
 - Auknar heimildir til að reka váttryggingafélög
 - Auknum heimildum til að fara með eignarhluti í öðrum lánastofnunum
 - Engar sérstakar varúðarráðstafanir gerðar til að mæta þeirri hættu sem miklum alþjóðlegum umsvifum fylgdu.
 - Ísland sem alþjóðleg fjármálamiðstöð.

HÁSKÓLI ÍSLANDS





“Ég á mér draum”

- Forsætisráðuneytið lét kanna árið 1991 möguleika á því að koma á fót alþjóðlegri fjármálamiðstöð á Íslandi
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson: *Hvernig getur Íslands orðið ríkasta land í heimi?* (2001)
- Halldór Ásgrímsson: “Ég á mér þann draum að í framtíðinni verði Ísland þekkt um víða veröld sem alþjóðleg fjármálamiðstöð” (2005)

HÁSKÓLI ÍSLANDS



Frjálsræði á fjármálamörkuðum og fjármálakreppan

- Ríki sem hafa farið illa út úr kreppunni:
 - Nýmarkaðslöndin í Austur-Evrópu: Eystrasaltlöndin og Ungverjaland
 - PIIGS-löndin (Portúgal, Írland, Ítalía, Grikkland og Spánn)
 - Frjálslynd þróuð ríki: Bandaríkin, Bretland, Danmörk, Ísland
- Ríki sem hafa farið vel út úr kreppunni:
 - Lönd með sterkt regluverk og vel fjármagnað bankakerfi: Kanada, Noregur, Ástralía
 - Lönd sem tóku lítinn þátt í alþjóðafjármálakerfinu: Pólland, lönd í SA-Evrópu

HÁSKÓLI ÍSLANDS





Játning

“Djúp kreppa afhjúpaði ríkjandi aðferða- og hugmyndafræði og stefna í fjármála- og viðskiptaheiminum var að stórum hluta byggð á vanhugsuðum kennisetningum og óraunhæfum forsendum, og þá þegar á alvarlegum villigötum og dæmd til að hrynja innan tíðar eins og á daginn kom. Það blasir nú við í bakspeglinum. “

Jón Ásgeir Jóhannesson, *Fréttablaðið* 20. apríl 2010